

315. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 29. janúar 2024, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Elín Frímannsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Irmý R. Þorsteinsdóttir, fulltrúi Grindavíkur og Andri Rúnar Sigurðsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundaritari), J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir, Helgi Haraldsson og Eydís Martinsdóttir. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Breytt skipan heilbrigðisnefndar - nýr fulltrúi Sveitarfélagsins Voga
2. Yfirlit yfir störf HES
3. Starfsleyfi og skráningar
4. Samningur um framsal á matvælaeftirliti frá Matvælastofnun
5. Umhverfismál / umgengni á lóðum
6. Samþykkt um umgengni á lóðum
7. Starfsmannamál
8. Önnur mál (næsti fundur)

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Breytt skipan heilbrigðisnefndar - nýr fulltrúi Sveitarfélagsins Voga

Sveitarfélagið Vogar hefur tilnefnt Hólmgrím Rósenbergsson aðalmann í heilbrigðisnefnd. Til vara er Andri Rúnar Sigurðsson.

2. Yfirlit yfir störf HES

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfnni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

Fram kom að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja auglýsir nú á vefsvæði sínu öll starfsleyfi skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti eins og mælt er fyrir um í 9. gr. reglugerðarinnar. Þar er veittur 4 vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum við tillögur að starfsleyfum.

3. Starfsleyfi og skráningar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Skólavegi 1, 230 Reykjanesbæ til að reka leikskóla.
- Lagardere Travel Retail ehf., kt. 610814-0690, til að reka matsölustað með framleiðslueldhúsi á Keflavíkurflugvelli (Bakað og Keflavík Diner).

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- FÍA ehf., kt. 441124-0740, Strandgötu 15, 245 Suðurnesjabæ til að reka skyndibitastað.
- Nicopods ehf., kt. 490519-1650, Iðngörðum 4A, 250 Suðurnesjabæ til að framleiða koffínþúða.
- Vínus-Vínheimar ehf., kt. 520914-2180, til að reka heildverslun í Vöruhótel Eimskipa í Sundahöfn, 104 Reykjavík.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Alrún Snyrtistofa ehf., kt. 690623-2260, Hringbraut 99, 230 Reykjanesbæ til að reka snyrtistofu.
- Guðrún Ævarsdóttir, kt. 090879-2949, Heiðarbóli 47a, 230 Reykjanesbæ til að reka dagvistun 6-10 barna á Heiðarbólsvelli.
- Þekkingarsetur Suðurnesja, kt. 460712-0920, Garðvegi 1, 245 Suðurnesjabæ til að reka fræðslustarfsemi og gistiskála.
- Knattspyrnufélagið Reynir, kt. 680683-0269, Stafnesvegi 7, 245 Suðurnesjabæ til að reka íþróttavöll og tengda aðstöðu.
- Birgir Þórarinsson, kt. 230665-5919, Minna Knarrarnesi, 191 Vogum til að reka heimagistingu.

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Meindýravarnir Ragnars ehf., kt. 420424-0270 fyrir rekstri meindýravarna, Hólmeigsbraut 11n, 230 Reykjanesbæ.
 - Indie Campers ehf, kt. 561118-1240 fyrir rekstri bifreiða- og vélaverkstæði og bón- og bílaþvottastöð fyrir bílaleigu að Fitjabraut 3, 260 Reykjanesbæ.
 - Atlas verktakar ehf., kt. 540319-1540 fyrir niðurrifi mannvirkja á Melhólabraut 4, 241 Grindavík.
 - Eco Esja ehf., kt. 600320-1060 fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða að Strandgötu 16, 245 Suðurnesjabæ
 - Þórunn Björg Ásmundardóttir, kt. 190257-2159 fyrir niðurrifi mannvirkja á Staðarsundi 3, 240 Grindavík.
 - Jóhannes Unnar Barkarson. 050773-5239 fyrir niðurrifi mannvirkja á Lóuhlíð 3, 240 Grindavík.
 - JB Múr og Eftirlit ehf., kt. 531015-0610 fyrir niðurrifi mannvirkja á Lóuhlíð 1, 240 Grindavík.
- Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

Starfsleyfi í auglýsingaferli skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- Laugafiskur ehf., kt. 600193-2449 fyrir heitloftspurrkun fiskafurða á Vitabraut 1, 233 Reykjanesbæ

4. Samningur um framsal á matvælaeftirliti frá Matvælastofnun

Kynntur var samningur milli Matvælastofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja þess efnis að nefndin taki við eftirliti með lífrænni matvælaframleiðslu. Nefndin samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

5. Umhverfismál / umgengi á lóðum

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur tekið ákvörðun að fela Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda, samkvæmt lögum nr. 7/1998, á eftirtöldum lóðum:

Reykjanesbær:
Fitjabraut 6c

6. Samþykkt um umgengni á lóðum

Fyrir liggur samþykki allra sveitarstjórna á drögum að samþykkt um umgengni og þrif utanhúss sem unnin var hjá heilbrigðiseftirlitinu og fjallað var um á 310. fundi nefndarinnar þann 18. apríl 2024. Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að koma samþykktinni til ráðherra til staðfestingar í samræmi við 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. Starfsmannamál

Starfsmenn, aðrir en framkvæmdastjóri yfirgáfu fundinn undir þessum lið, meðan fjallað var um starfsmannamál embættisins.

8. Önnur mál (næsti fundur)

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:15